

2) Skip yðart má eigi bera meira at sinni, en er .viii. dagar eru gengnir, þá skal ek senda yðr ærinn mat til hvítasunnudags.<sup>8</sup>

3) Ok þá er hann var borinn, þá vóru ge(n)gnir frá upphafi veraldar .v. þúsundir ok átta ár ens þriðja tegar ens þriðja hundraðs.<sup>9</sup>

Með hómilíubókinni ná dæmi um 'ganga' í merkingunni "líða" með vissu aftur um 1200, og víst getur jólaprédikun sú sem dæmið er sótt í verið töluvert eldri. Óhætt mun því vera að fullyrða að notkun sagnarinnar í fróðleiksgreinunum, sem að var vikið í upphafi, geri ekki aldur þeirra tortryggilegan.

er skrifað í byrjun 14. aldar og sú prédikun sem þessi orð standa í af norðmanni eða færeyingi, sbr. *Hauksbók* (Manuscripta Islandica 5, Kh. 1960), ix–xi.

<sup>8</sup> *Heilagra manna sögur*, útg. C. R. Unger (Kria 1877), I, 274. Þetta er úr Brandanus sögu, og handrit hennar, NRA 68, er frá 13. öld og hefur verið talið norskt.

<sup>9</sup> *Homíliu-bók*, útg. Th. Wisén (Lundi 1872), 46. Handritið, Perg. 4to nr. 15, er skrifað um 1200. — Hér væri þess að vænta að fremur stæði 'gengnar' (þúsundir) eða 'gengin' (ár) en 'gengnir' (vetur); svipaður ruglingur kynja er í öðru dæminu í fróðleiksgreinunum frá 12. öld.

S.K.

## 6

### DÆMI UM SÖGNINA 'FRÍA'

ENDA þótt C. R. Unger hafi yfirleitt lesið rétt og tilgreint lesbrigði samvissusamlega að því marki sem hann getur þeirra, á hann það til að breyta texta aðalhandrits athugasemdalaust.

Eitt dæmi um þetta er í Karlamagnús sögu (Christiania 1860), 184. bls., þar sem verið er að lýsa hermönnum sem hafa andvara á sér á næturþeli. Í útgáfunni stendur (án lesbrigða):

engi fékk svá mikil hægindi at hann leysti hjálminn sér af höfði

Þetta er í Bb-gerð Agulandus þáttar, og aðaltextinn, B (AM 180 d fol., f. 116v) er svo í raun og veru:

engi feck sua mikil heidingi at hann friadi hialminvm ser a hofdi

Í b (AM 531 4to, f. 104v) stendur:

engi feck sva mikil hægindi, at hann friadi hjálminum sjer á hofdi

Það er í samræmi við venju Ungers að leiðrétta augljós pennaglöp í aðalhandriti, eins og hér eru þar sem B hefur *heidingi* fyrir ‘hægindi’, en oftast nær er slíkra leiðréttinga þó getið neðanmáls. En hér hefur Unger jafnframt, þegjandi og hljóðalaust, breytt sameiginlegum texta B og b í samræmi við texta Aa-gerðar þáttarins, sem hér er prentaður orðrétt eftir handritinu a (AM 180 a fol.), þar sem A (AM 180 c fol.) er skert á þessum stað, í Karlamagnús sögu, 292. bls.:

ok var engi sá í öllum herinum er svá mikil hægindi féngi at hjálm sinn leysti af höfði

Vera má að orðasambandið ‘leysa hjálm sinn af höfði’ sé eldra í Agulandus þætti, enda þótt það sé aðeins varðveitt í a, en þar sem handritin B og b eru óháð hvort öðru,<sup>1</sup> hlýtur sambandið ‘fría hjálminum sér á höfði’ að hafa staðið í erkiriti Bb-gerðar þáttarins, sem hefur verið skrifað á 14. öld<sup>2</sup> eins og gerðin sjálf. Textabreyting Ungers er því gjör-samlega óheimil, en vegna hennar er dæmasafn orðabóka um notkun sagnarinnar ‘fría’ í fornu máli fátæklegra en ella hefði orðið.

Ósagt skal látið hvort hjálmurinn er hér persónugerður, þannig að orðasambandið merki “veita hjálminum á höfði sér frelsi”, eða hvort ‘sik’ er undanskilið, þannig að það merki “losa sig við hjálminn á höfði sér”.

<sup>1</sup> Tvö stemmu hafa verið sett upp: Jakob Benediktsson, “Skinnblað úr Karlamagnús sögu”, *Skírnir* CXXVI (Rv. 1952), 213. – E. F. Halvorsen, *The Norse Version of the Chanson de Roland* (Bibliotheca Arnarnagnæana XIX, Kh. 1959), 75.

<sup>2</sup> Handritið B ber með sér að vera mikið til stafrétt uppskrift glataðs handrits, sem að vitnisburði Árna Magnússonar var “non admodum vetustus Codex” (*Katalog over den Arnarnagnæanske håndskriftsamling* I (Kh. 1889), 149) og virðist hafa verið frá lokum 14. aldar.

S.K.

## 7

### Á SÁ SÁ SÁ ES Á SÁ SAT

SETNING sem hver maður með einfalt og grandalaust hugarfar mundi lesa eins og gert er hér að ofan er rist á rúnakefli sem fundizt hefur á Grænlandi á slóðum Eiríks rauða. Um þetta má fá meiri fróðleik í grein eftir Helga Guðmundsson í fyrsta bindi Griplu, og í annari eftir Ólaf Halldórsson í kveri því sem Bjarnígull nefnist (1977). Um þann